

Til allra sveitarstjórna

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn föstudaginn 26. mars 2021 kl. 15:30 á Grand Hótel Reykjavík.

Í samræmi við samþykktir Lánasjóðsins verður jafnframt boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Teams, en auk þess fer atkvæðagreiðsla á fundinum fram með rafrænum hætti.

Mikilvægt er sökum sóttvarnareglna að fundarmenn skrái sig fyrir fram á fundinn. Skráning á fundinn fer fram á heimasíðu sjóðsins www.lanasjodur.is.

Vakin er athygli á því að allir sveitarstjórnarfulltrúar eiga rétt á að sækja aðalfundinn svo og fulltrúar fjölmiðla skv. hlutafélagalögum (nr. 2/1995). Sveitarstjóri er sjálfkrafa handhafi atkvæðisréttar sveitarfélagsins.

Dagskrá aðalfundar

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2020 lagður fram til afgreiðslu.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Kosning stjórnar skv. 15. gr. samþykta sjóðsins.
6. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.
9. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum Lánasjóðsins.
10. Önnur mál.

Ársreikningur fyrir árið 2020 ásamt tillögum til aðalfundar og tillögu kjörnefndar verða aðgengilegar á heimasíðu Lánasjóðsins www.lanasjodur.is og á skrifstofu sjóðsins í Borgartúni 30.

Gætt verður að gildandi fyrirmælum stjórnvalda um fjöldatakmarkanir, nálægðarmörk og sóttvarnir.

Virðingarfyllt
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA OHF.

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri